

Lausnateymi

Hlutverk og verklag

Hlutverk:

- Að aðstoða kennara við að greina vanda, leita úrlausna á honum og takast á við hann
- Vandinn getur varðað einstaka nemendur eða nemendahópa, innan eða utan kennslustofa.
- Vandinn getur snúið að hegðun, félagslegum samskiptum, kennsluáðstæðum, kennsluháttum námi, o.fl.

Teymið:

- Teymið: Teymið er skipað 2-3 fulltrúum skólans og 2-3 fulltrúum skólaþjónustu. Teymisstjóri er fulltrúi skólastjóra og getur verið skólastjórnandi, sérkennslustjóri, deildarstjóri, námsráðgjafi eða þroskaþjálfari. Fulltrúi skólaþjónustu geta verið hegðunarráðgjafi, skólasálfræðingur, unglingaráðgjafi, félagsráðgjafi eða kennsluráðgjafi. Teymisstjóri kallar aðra inn s.s. hjúkrunarfræðing eftir því sem ástæða er til.
- Kennari sem óskar eftir aðstoð teymis getur valið að taka með sér samstarfsmann til að hafa með á fund teymis (ef hann óskar).

Verklag:

- Kennari skilar *Beiðni um ráðgjöf lausnateymis* til teymisstjóra. Umsóknarblöð eru vistuð á sameign kennara.
- Teymisstjóri gerir vettvangsathugun með hegðunarráðgjafa eða skólasálfræðingi áður en málið er tekið fyrir á fundi. Gengið er út frá því að málið sé tekið fyrir á fundi í lausnateymi í síðasta lagi mánuði eftir að kennari skilar inn beiðni um ráðgjöf.
- Fundartími lausnateymis er fastákveðinn 1-3x í mánuði. Teymisstjóri sér til þess að haldin sé fundargerð og ber ábyrgð á vistun hennar.
- Á lausnateymisfundum er staða mála kortlögð og úrlausna leitað. Allar úrlausnir eru unnar í samráði við foreldra s.s.:
 - a) Úrbætur / breytingar gerðar á kennslurými, kennsluháttum, samskiptum
 - b) Skipulagsbreyting/ tilhliðrun gerð á stuðningi eða sérkennslu innan skólans til að efla stuðning við kennarann/nemandann/nemendahópinn.

- c) Hegðunarráðgjafi eða sálfræðingur fylgist með í kennslustundum næstu daga og veitir kennara ráðgjöf og fylgir eftir inn gripum.
- d) Námsráðgjafi, sálfræðingur/unglingaráðgjafi veitir nemanda, nemendahópum eða foreldum viðtöl (1-3).

Ef lausnateymið telur að ekki hafi orðið bót á vandanum eftir 6-8 vikna stuðning er máli vísað til nemendaverndarráðs í samráði við foreldra.

Drög SFS 31. ágúst 2017